



## Menntun og vinnumarkaður

---

### Fundur þjóðhagsráðs 28. mars 2022

#### Færni og þekking

Það er fátt sem er jafn valdeflandi fyrir einstaklinga eins og njóta þess að mennta sig á ýmsum sviðum, finna hvar færnin liggur og þróa sig í námi. Menntakerfið og þar með framhaldsfræðslan er því ekki einungis tæki til að mæta þörfum fyrirtækja heldur ekki síst að efla og styrkja fólk til þátttöku í samfélaginu og auka lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélagið allt.

Mannauður, færni og þekking skipta sköpum fyrir samkeppnishæfni og verðmætasköpun í hagkerfinu. Flest lönd glíma um þessar mundir við þá áskorun að vinnumarkaður breytist hraðar en menntakerfið. Niðurstaðan er vaxandi misræmi á vinnumarkaði<sup>1</sup> m.t.t. menntunar og færni. Á Íslandi hefur þetta m.a. birst í skorti á iðn- og tæknimenntun, heilbrigðismenntun og ólíkri sérhæfðri þekkingu t.d. í upplýsinga og tæknigreinum. Slíkur skortur dregur úr vaxargetu fyrirtækja og verðmætasköpunar. Til að bregðast við þróuninni hafa flest Evrópuríki farið í að spá fyrir um færniþörf á vinnumarkaði til að styðja við góða stefnumótun í menntamálum<sup>2</sup>. Mörg lönd hafa jafnframt unnið að hæfnistefnu þar sem mótuð er stefna um færni á vinnumarkaði. Þar er lögð áhersla á tækifæri þeirra sem fyrir eru á vinnumarkaði og möguleika þeirra á að efla færni sína og þekkingu.

#### Símenntun á Íslandi

Saga símenntunar á Íslandi spannar yfir 20 ár. Símenntunarstöðvar á Íslandi eru nú um 18 en margar þeirra spruttu upp á títunda áratug 20. aldar. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) var stofnuð 2002 og var til helminga í eigu ASÍ og SA. Árið 2010 var samþykktum FA breytt og opinberir aðilar, BSRB, Samband íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytið tengdust starfseminni. Sama ár voru samþykkt lög um framhaldsfræðslu, sem byggja á því starfi sem

---

<sup>1</sup> Sjá ábendingar OECD til Íslands. <https://www.oecd.org/economy/surveys/Iceland-2021-OECD-economic-survey-overview.pdf>

<sup>2</sup> Sjá “Færniþörf á vinnumarkaði”, <https://www.vinnumarkadur.is/media/2076/faerni-a-vinumarkadi-web-110518-2.pdf>



ASÍ og SA hófu með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins árið 2002. Hlutverk FA er ekki að standa fyrir námskeiðum heldur þróa leiðir til að greina, meta og auka hæfni í atvinnulífinu. Raunfærnimat, hæfnigreiningar, gerð og vottun námsleiða ásamt gæðamati eru helstu verkefni FA. Markhópar framhaldsfræðslu er einkum fólk sem hefur litla grunnmenntun auk innflytjenda sem þurfa að efla færni á íslenskum vinnumarkaði.

## **Styrkur framhaldsfræðslunnar**

Styrkur framhaldsfræðslunnar og kerfisins liggur fyrst og fremst í tengingunni við vinnumarkað. Kerfið er byggt upp með það í huga að mæta þörfum einstaklinga og vinnumarkaðar. Síðbreytilegur vinnumarkaður gerir að verkum að kerfið þarf að geta brugðist mun hraðar við samfélagsbreytingum heldur en formlega skólakerfið. Framhaldsfræðslukerfið er nú þegar í stakk búíð til að mæta breyttum tímum vegna tæknibreytinga, sjálfbærni á vinnumarkaði, starfsendurmenntun, virkni til náms o.fl. enda eru símenntunarstöðvar í nánum tengslum við þann hóp sem er í viðkvæmstu stöðunni, m.a. gagnvart tæknibreytingum, oft fullorðið fólk sem hefur litla formlega menntun. Framhaldsfræðslukerfið hefur þann kost að mæta ólíkum þörfum einstaklinga og veita heildræna þjónustu, þvert á öll kerfi og efla þannig fólk til þátttöku í samfélaginu. Í því samhengi má nefna einstaklinga í starfsendurhæfingu, atvinnuleitendur, örorkulífeyrishafa, fatlað fólk, innflytjendur, eldra fólk ásamt þeim sem eru starfandi á vinnumarkaði og hafa þörf fyrir aukna færni eða umskólun. Framhaldsfræðslukerfið stuðlar að réttlátum umskiptum og gefur einstaklingum tækifæri til að bregðast við breyttum aðstæðum á vinnumarkaði t.d. varðandi loftlagsmál. og tæknibreytingar.

## **Áskoranir og framtíð framhaldsfræðslunnar**

Á þeim tæplega 20 árum frá því Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var stofnuð hefur framhaldsfræðslukerfið þróast á ógnarhraða og mikið vatn runnið til sjávar. Þúsundir hafa farið í gegnum kerfið og er ávinningur þess ótvíræður bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Í ljósi samfélagsbreytinga sem átt hafa sér stað á þessum 20 árum er kominn tími á að endurskoða kerfið, fara í greiningarvinnu og stefnumótun, koma á hæfnistefnu, samhliða endurskoðun laga um framhaldsfræðslu. Sú vinna þarf að byggja á færnisþá fyrir



vinnumarkað, mæta hæfileikum og löngunum hvers einstaklings og hún þarf að eiga sér stað á breiðum grunni með aðkomu allra hagaðila. Mikilvægt er þó að halda í sérstöðu kerfisins. Framhaldsfræðslukerfið var upphaflega byggt upp utan um einstaklinga á vinnumarkaði, oft með litla formlega menntun sem annað hvort vill styrkja sig á vinnumarkaði í gegnum starfstengt nám eða hefur hug á að hefja nám að nýju eftir brotthvarf úr námi, sem oft skýrist af félagslegum, námslegum eða fjárhagslegum ástæðum. Þá þarf að nýta kerfið betur til að efla gerð hæfnigreininga starfa og hæfnispár á vinnumarkaði, sem og til að svara betur þörfum innflytjenda, m.a. um mat á þekkingu, fyrra námi og reynslu og þeim sem vilja læra íslensku, og vinnustöðum vegna samstarfs um íslenskukennslu á vinnustöðum. Stjórnvöld þurfa að sjá tækifærin sem felast í því að nýta fræðslukerfið í kringum framhaldsfræðsluna til að aðstoða fólk og vinnustaði við að „uppfæra“ tækniþekkingu sína m.t.t. fjórðu iðnbyltingarinnar. Styðja við starf símenntunarmiðstöðva til að sinna áhrifum tækniþyngingar sem verður hvað mest á markhóp sem framhaldsfræðsluáðilar sinna. Gera þarf úttekt á framhaldsfræðslukerfinu til að byggja á, þegar hugað er að betri nýtingu og árangri. Gera þarf hæfnispá og skilgreina menntunarkerfið markhópa framhaldsfræðslunnar. Framhaldsfræðslukerfið getur miklu meira og því um að gera að nýta það betur og í fleiri áttir enda mikil samfélagsleg auðlind sem ákveðin sátt ríkir um og reknar til almannaheilla án hagnaðarsjónarmiða. Þá mynda símenntunarmiðstöðvar mikilvægt þjónustunet á landsvísi enda eru þær staðsettar víða um land.

## **Fjármagn**

Á síðustu árum hafa framlög til þess hluta menntakerfisins sem snýr að hópum sem minnsta menntun hafa dregist saman á sama tíma og framlög til framhaldsskóla og háskóla hafa aukist. Þannig drógust framlög til framhalds- og vinnumarkaðsfræðslu saman á tímabilinu 2013-2019 á sama tíma og framlög til framhaldsskóla jukust um ríflega 57% og til háskóla um 72%. Þessi þróun endurspeglar með engu móti þau markmið sem sett hafa verið um lækkun á hlutfalli einstaklinga sem ekki hafa lokið formlegu námi umfram skyldunám og þær áherslur sem settar voru fram í lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu um að auka aðgengi fólks með stutta skólagöngu að námi. Þetta eru þeir hópar sem standa hvað



höllustum fæti á vinnumarkaði og verða fyrstir til að finna fyrir þeim öru tæknibreytingum sem nú eiga sér stað.

## Iðn og tæknimenntun

Alþýðusambandið hefur um árabil lagt áherslu á iðn og tæknimenntun og mikilvægi fjölgunar iðn og tæknimenntaðra. Til lengri tíma hafa að jafnaði um 600 útskrifast með sveinspróf úr iðnnámi ár hvert og síðastliðin ár hefur fjöldinn verið lítillaga yfir meðaltali, 628 árið 2020. Sem hlutfall af mannfjölda hefur útskrifuðum farið fækkandi. Í grunninn er vandinn ekki flókinn. Þörf er á fleiri plássum í iðn og tækninámi en þar er þarft að ráðast í byggingu nýrrar byggingar fyrir iðn- og tækninám. Þrátt fyrir að tekist hafi að auka áhuga á iðnnámi er fjölda vísað frá námi<sup>3</sup> ár hvert. Þar spilar meðal annars inn í að forgangsreglur útiloka einstaklinga sem koma úr öðru námi. Ráðast þarf í aðgerðaráætlun um fjölgun iðn- og tækninema. Fjölgun plássu verður þó að fylgja eftir með eflingu Vinnustaðanámssjóðs sem er vanfjármagnaður. Aukin ásókn í iðnnám verður því einungis til þess að veikja greiðslur hvers nemenda í vinnustaðanámi.

## Aðgerðir

Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á að gripið verði til eftirfarandi aðgerða til að framhaldsfræðslan megi nýtast sem best á næstu árum fyrir einstaklinga og vinnumarkaðinn í heild:

1. Kominn er tími til að endurskoða fullorðinsfræðslukerfið, fara í greiningarvinnu og stefnumótun, koma á hæfnistefnu, samhliða endurskoðun laga um framhaldsfræðslu
2. Auka þarf fjármagn til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til að gera henni kleift að sinna hlutverki sínu við að þróa verkfæri og aðferðir við nám, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf fyrir framkvæmdaaðila í framhaldsfræðslu.
3. Auka þarf fjármagn til framkvæmdaaðila til að þeir geti mætt þörfum markhópsins, fólki á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi, tryggt þeim rétt til raunfærnimats, ráðgjafar og tækifæri til frekari menntunar.

---

<sup>3</sup> Sjá frétt Samiðnar, <https://samidn.is/2021/08/10/idnnam-tharf-ad-skipa-haerri-sess-hja-stjornvoldum/>



4. Skoða þarf fyrirkomulag á úthlutun fjármagns til framhaldsfræðslunnar og tekið tillit til stærðar hópsins.
5. Endurmeta þarf skilgreiningu á markhópnum sem nýtur framhaldsfræðslu því allt bendir til þess að þarfir markhópsins lúti nú að fleiru en áður, sérstaklega m.t.t. tæknibreytinga og réttláttra umskipta starfa vegna loftslagsbreytinga.
6. Endurskoða þarf úthlutunarreglur Fræðslusjóðs og úthlutun ríkisins til símenntunarstöðvanna.
7. Tryggja þarf að fjármagn til íslenskukennslu fyrir útlendinga taki mið af fjölda innflytjenda á Íslandi hverju sinni en fjármagn til málaflokksins hefur staðið í stað í áraraðir.
8. Endurskoða þarf faglega umgjörð íslenskunáms innflytjenda en námskrá sem liggur til grundvallar námskeiðum hefur ekki verið endurskoðuð í fjölda ára.
9. Umgjörð námskeiða fyrir innflytjendur þarf að vinna í samhengi við stefnu stjórnvalda um hvernig tekið skal á móti innflytjendum sem vilja setjast að á Íslandi eða starfa þar tímabundið.
10. Fjölga þarf plássum í iðn- og tæknimenntun og efla raunfærnimat.